

Ársreikningur 2020



Akraneskaupstaður

Háhiti ehf.

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðanda	3-4
Áritun og skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Háhita ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Háhita ehf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstarhæfi félagsins.

Háhiti ehf.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2021.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Löggiltur endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar

Tilgangur félagsins er iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Tap af rekstri Háhita ehf. á árinu nam 228 þús. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 17 þús. kr. og skuldir 1.811 þús. kr. í árslok 2020. Eigið fé var neikvætt um 1.794 þús. kr. Neikvæð eiginfjárstaða félagsins er fjármögnuð af eiganda þess en skuld við hann nam 1.792 þús. kr. í árslok.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi félagsins.

Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun á móti tapi ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020.

Stjórn Háhita ehf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, mars 2021.

Stjórn:

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	7	73.093	
Annar rekstrarkostnaður	8	88.525	64.250
	3	<u>161.618</u>	<u>64.250</u>
(Tap) fyrir fjármagnsliði		(161.618)	(64.250)
Fjármagnsliðir:			
Vaxtatekjur		81	304
Vaxtagjöld		(312)	
Vaxtagjöld Aðalsjóður		<u>(66.496)</u>	<u>(59.665)</u>
		<u>(66.727)</u>	<u>(59.361)</u>
(Tap) ársins	1,2	<u>(228.345)</u>	<u>(123.611)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir:

31.12.2020 31.12.2019

Veltufjármunir:

Skammtímafröfur:

Fjármagnstekjuskattur	<u>18</u>	<u>116</u>
-----------------------------	-----------	------------

Handbært fé:

Bankareikningar	<u>16.891</u>	<u>16.779</u>
-----------------------	---------------	---------------

Veltufjármunir	<u>16.909</u>	<u>16.895</u>
----------------	---------------	---------------

Eignir samtals

<u><u>16.909</u></u>	<u><u>16.895</u></u>
----------------------	----------------------

31 desember 2020

Eigið fé og skuldir:

		31.12.2020	31.12.2019
Eigið fé:			
Hlutfé		500.000	500.000
Annað eigið fé (ójafnað)		<u>(2.293.683)</u>	<u>(2.065.338)</u>
Eigið fé	5	<u>(1.793.683)</u>	<u>(1.565.338)</u>
Skammtímaskuldir:			
Aðalsjóður	6	1.792.447	1.582.233
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>18.145</u>	<u> </u>
Skammtímaskuldir		<u>1.810.592</u>	<u>1.582.233</u>
Skuldir samtals		<u>1.810.592</u>	<u>1.582.233</u>

Eigið fé og skuldir samtals

16.90916.895

Sjóðstreymi árið 2020

Rekstrarhreyfingar:	2020	2019
(Tap) ársins	(228.345)	(123.611)
Veltufé (til rekstrar)	<u>(228.345)</u>	<u>(123.611)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur - lækkun	98	
Skammtímaskuldir - hækkun (lækkun)	18.145	(17.687)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>18.243</u>	<u>(17.687)</u>
Handbært fé (til rekstrar)	<u>(210.102)</u>	<u>(141.298)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Aðalsjóður, breyting	<u>210.214</u>	<u>123.799</u>
Hækkun (Lækkun) á handbæru fé	112	(17.499)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>16.779</u>	<u>34.278</u>
Handbært fé í árslok	<u>16.891</u>	<u>16.779</u>

Skýringar

Félagið:

- Háhiti ehf. er íslenskt einkahlutafélag. Heimilisfang félagsins er að Stillholti 16-18, Akranesi. Tilgangur félagsins er iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Reikningsskilaaðferðir:

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Færsla gjalda

- Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Tekjuskattur

- Ójafnað tap í árslok nemur 2.118 þús. kr. og nemur skattinneign vegna þess um 424 þús. kr. Skattinneign er ekki færð í ársreikninginn þar sem óvíst er um nýtingu hennar.

Eigið fé:

- Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 500 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig í árslok:

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	500.000	(2.065.338)	(1.565.338)
(Tap) ársins		(228.345)	(228.345)
	<u>500.000</u>	<u>(2.293.683)</u>	<u>(1.793.683)</u>

Neikvæð eiginfjárstaða félagsins er fjármögnuð af eiganda þess en skuld við hann nam 1.792 þús. kr. í árslok.

Skammtímaskuldir:

- Viðskipti við eiganda félagsins á árinu 2020 og staða viðskiptaskuldar í árslok 2020 greinast þannig:

	Vaxta- gjöld	Þjónustu- kaup	Viðskipta- skuldir 31.12.2020
Akraneskaupstaður	66.496	25.000	1.792.447
	<u>66.496</u>	<u>25.000</u>	<u>1.792.447</u>

Háhiti ehf.

Sundurliðanir:

	2020	2019
7. Laun og launatengd gjöld:		
Stjórnarlaun	63.584	
Lífeyrissjóður	5.086	
Tryggingagjald	4.359	
Önnur launatengd gjöld	64	
	<u>73.093</u>	<u>0</u>
8. Annar rekstrarkostnaður:		
Sérfræðiþjónusta	45.625	43.250
Önnur aðkeypt þjónusta		3.500
Bókhalds- og skrifstofuþjónusta	25.000	
Útvarpsgjald	17.900	17.500
	<u>88.525</u>	<u>64.250</u>